

# JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 144

Apríl 2019

## *Fréttabréf*



*Gunnar Hjaltason*

## VORFUNDUR

Vorfundur Jökklarannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 30. apríl 2019 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Efni fundarins:

Hrafnhildur Hannesdóttir og  
Snævarr Guðmundsson

Breytingar Suðaustur-Vatnajökuls  
frá litlu ísöld til dagsins í dag.

## VORFUNDUR

Vorfundur Jökларannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 30. apríl 2019 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Haldin verða tvö erindi um breytingar á skriðjökklum Vatnajökuls á Suðausturlandi og landbreytingar framan þeirra frá lokum 19. aldar. Fyrir hlé mun Hrafnhildur Hannesdóttir á Veðurstofu Íslands kynna helstu niðurstöður sinna rannsókna en eftir kaffihlé þá mun Snævarr Guðmundsson á Náttúrustofu Suðausturlands ræða jöklabreytingarnar frekar í máli og myndum.

### **BREYTINGAR SUÐAUSTUR-VATNAJÖKULS FRÁ LITLU ÍSÖLD TIL DAGSINS Í DAG**

Haldin verða tvö erindi um breytingar á skriðjökklum Vatnajökuls á Suðausturlandi og landbreytingar framan þeirra frá lokum 19. aldar, þegar flestir þeirra náðu hámarksútbreiðslu. Hrafnhildur Hannesdóttir á Veðurstofu Íslands og Snævarr Guðmundsson á Náttúrustofu Suðausturlands munu kynna niðurstöður rannsókna á þessu svæði í máli og myndum. Á síðastliðnum árum hefur saga skriðjökla verið




Jökulgarður í Skálafellshnútu. Ljósmynd: Hrafnhildur Hannesdóttir.



flestir þeirra náðu sögulegu hámarki, en tóku að hörfa upp frá því. Þeir hopuðu hratt á fjórða og fimmta áratug 20. aldar. Eftir það dró úr hörfuninni fram til um 1970 þegar sumir jöklar tóku að ganga fram á ný eða stóðu í stað. Jöklarnir tóku síðan að hopa hratt eftir 1995 og hefur ekkert lát orðið á þeirri hörfun. Hop jöklanna frá um 1890 til okkar daga nemur 1–6 km en þeir hafa líka þynnst og yfirborð þeirra lækkað mikið eða um allt að 300 m fremst á sporðunum. Í heild hafa umræddir jöklar dregist saman á ofangreindu tímabili sem nemur um 300 km<sup>2</sup>, þar af Breiðamerkurjökull einn um 115 km<sup>2</sup>. Á tímabilinu 2000–2010 var rýrnun suðurskriðjöklanna afar hröð og með því mesta á flatarmálseiningu sem mælst hefur í heiminum á þessu tímabili. Einnig verður greint frá niðurstöðum líkanreikninga, en saga þekktra breytinga þriggja skiðjökla Breiðubungu (Skálafellsjökuls, Heinabergsjökuls og Fláajökuls) var notuð til þess að stilla af afkomu- og ísflæðilíkön sem lýsa viðbrögðum þeirra við breytingum í veðurfari.

#### **Hrafnhildur Hannesdóttir og Snævarr Guðmundsson**



Lón og jökulgarðar framan við Fláajökul. Ljósmynd: Snævarr Guðmundsson.

## SUMARFERÐ

Sumarferð JÖRFÍ er fyrirhuguð í Þórsmörk helgina 9. - 11. ágúst 2019. Gist verður í Básam og tekið verður frá pláss í skála fyrir þátttakendur. Félagsmenn, vinir og fjölskyldur velkomin.

Ferðin verður auglýst nánar í upphafi sumars á vef félagsins. Þátttöku má tilkynna Þóru Karlsdóttur, í síma: 866-3370 eða netfangi: „[thorakarls@gmail.com](mailto:thorakarls@gmail.com)“.

## AFKOMUMÆLINGAR Á MÝRDALSJÖKLI

Sjálfbóðaliðar Jöklarannsóknafélagsins halda áfram reglubundnum afkomumælingum á Mýrdalsjökli. Næsta mælingaferð er fyrirhuguð helgina 18. - 19. maí. Félagar í JÖRFÍ eru velkomnir með á jökla-bifreiðum sínum en reynt verður að skipa þeim í laus sæti sem ekki komast á eigin farartæki. Áhugasömum er bent á að hafa samband við Eyjólf Magnússon ([eyjolfm@hi.is](mailto:eyjolfm@hi.is)) eða Þorstein Þorsteinsson ([thor@vedur.is](mailto:thor@vedur.is)).

Frekari upplýsingar um ferðina birtast á vefsíðu félagsins: “<http://jorfi.is>” er nær dregur.

## FÉLAGSGJÖLD JÖRFÍ

Félagsgjöld JÖRFÍ hafa nú verið hækkuð lítillega frá síðasta ári. Félagsgjöldin verða kr. 7.400,- á þessu ári en nemenda- og fjölskyldugjald verður kr. 3.700,-.

## „13. SEPTEMBERFERÐ“ Í JÖKULHEIMA

Síðastliðið haust var farin afar vel heppnuð ferð í september í Jökulheima, líkt og sagt var frá í [fréttabréfi](#) í október 2018. Ráðgert er að endurtaka leikinn í haust og munu frekari upplýsingar berast á [vef félagsins](#) er líða tekur á sumarið.

## UMSJÓN MEÐ BÓKUNUM Í SKÁLA FÉLAGSINS

Eiríkur Kolbeinsson hefur tekið við sem umsjónarmaður bókana í skála félagsins. Eiríkur tekur við af Vilhjálmi Kjartanssyni sem sinnt hefur bókunum í nær 17 ár og þakkar stjórn JÖRFÍ Vilhjálmi fyrir mikilvægt og vel unnið starf á þessu sviði.

Sem fyrr eru óskir um bókanir í skála félagsins gerðar á [bókunarsíðu](#) á vef félagsins. Á síðunni er dagatal sem sýnir núverandi bókanir í skálana og er dagatalið uppfært jafnóðum og bókanir eru samþykktar af umsjónarmanni.

## BREYTINGAR Á HEIMILISFÖNGUM OG NETFÖNGUM

Til að tryggja að tímaritið Jökull og fréttabréf Jökclarannsóknafélagsins komist félögum til skila þá leitast stjórn JÖRFÍ við að halda félagatalinu uppfærðu. Við biðjum því félaga um að senda okkur upplýsingar um nýtt heimilisfang og/eða netfang ef breytingar eru væntanlegar eða hafa orðið síðustu misserin. Ef félagar sakna Jökuls eða fréttabréfs þá sakar ekki að senda okkur línu með réttu heimilisfangi og netfangi og við athugum hvort eitthvað sé rangt skráð í félagatalinu. Upplýsingar óskast sendar um viðmót á [vefsíðu félagsins](#), annars með tölvuskeyti á ”stjorn hjá jorfi.is” ef það er hentugra.

## AÐALFUNDUR 2018

Aðalfundur JÖRFÍ var haldinn í Öskju 26. febrúar 2019. Fundarstjóri var Tómas Jóhannesson og Finnur Pálsson var fundarritari. Flutt var skýrsla formanns og endurskoðaðir reikningar voru samþykktir. Nokkur afgangur var af starfseminni á árinu 2018 og árið var félaginu fremur hagstætt. Árni Páll Árnason sem setið hefur í stjórn síðastliðin 15 ár gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Í hans stað var kosinn Sigurður Vignisson, sem einnig er formaður bílanefndar. Voru Árna Páli þökkuð vel unnin störf. Í stað Sigurðar var Andri Gunnarsson kosinn í varastjórn. Fundargerð aðalfundar er aðgengileg á vef félagsins: "<http://jorfi.is/>". Á fyrsta stjórnarfundinum 18. mars skipti stjórnin með sér verkum og skipaði nefndarformenn. Skipan nefnda var staðfest á stjórnarfundinum 15. apríl.

### Stjórn JÖRFÍ 2019:

Magnús Tumi Guðmundsson, formaður  
Magnús Hallgrímsson, varaformaður  
Sjöfn Sigsteinsdóttir, gjaldkeri  
Guðfinna Aðalgeirsdóttir, ritari  
Sigurður Vignisson, meðstjórnandi

**Varastjórn:** Hálf dán Ágústsson, Þóra Karlsdóttir, Andri Gunnarsson og Vilhjálmur S. Kjartansson.

### Nefndir JÖRFÍ 2018:

**Rannsóknanevnd:** Magnús Tumi Guðmundsson formaður, Alexander Jarosch, Andri Gunnarsson, Bergur Bergsson, Bergur Einarsson, Björn Oddsson, Bryndís Brandsdóttir, Eyjólfur Magnússon, Finnur Pálsson, Guðfinna Aðalgeirsdóttir, Hálf dán Ágústsson, Hrafnhildur Hannesdóttir, Magnús Hallgrímsson, Oddur Sigurðsson, Tómas Jóhannesson og Þorsteinn Þorsteinsson.



**Bílanefnd:** Sigurður Vignisson formaður, Árni Páll Árnason, Eiríkur Finnur Sigursteinsson, Garðar Briem, Hallgrímur Þorvaldsson og Þórður Örn Reynisson.

**Skálanefnd:** Sverrir Hilmarsson formaður, Aðalsteinn Svavarsson, Alexander Ingimarsson, Ástvaldur Guðmundsson, Grétar Þorvaldsson, Guðbjörn Þórðarson, Gunnar Antonsson, Leifur Þorvaldsson, Ragnar Þór Jörgensen, Snæbjörn Sveinsson, Stefán Bjarnason, Vilhjálmur S. Kjartansson og Þorsteinn Kristvinsson.

**Ferðanefnd:** Sjöfn Sigsteinsdóttir formaður, Bergur Bergsson, Hlynur Skagfjörð, Magnús Tumi Guðmundsson, Sigurður Vignisson, Svein-björn Steinþórsson og Vilhjálmur S. Kjartansson.

**Ritstjórar Jökuls:** Bryndís Brandsdóttir, Leó Kristjánsson, Gréta Björk Kristjánsdóttir og Snævarr Guðmundsson.

**Ritnefnd Jökuls:** Christopher J. Caseldine, Fiona S. Tweed, Gifford H. Miller, Haraldur Sigurðsson, Helgi Björnsson, Karen L. Knudsen, Karl Grönvold, Kristján Sæmundsson, Robert S. Dietrick, Tómas Jóhannesson og William H. Menke.

**Skemmtinefnd:** Katla Magnúsdóttir formaður. Skipað verður í nefnd síðar.

**Valnefnd:** Jón E. Ísdal, Stefán Bjarnason og Oddur Sigurðsson.

**Gjörfnefnd:** Þóra Karlsdóttir formaður og Ástvaldur Guðmundsson.





**Sporðlón hafa myndast framan við veflesta skriðjökla sunnanverðs Vatnajökuls. Mynd af Skaftafellsjökli frá 2014, Snævarr Guðmundsson.**

**Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Hálf dán Ágústsson**